

**Nd.**

**171. Frumvarp til laga**

[137. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

„Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta þ.e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi en Orkubú Vestfjarða 20%“.

2. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur „1979“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna segir m.a.:

„Mörkuð verði ný stefna í orkumálum með það að markmiði að tryggja öllum landsmönnum næga og örugga raforku á sambærilegu verði“.

Að þessu markmiði er nú unnið m.a. með undirbúningi skipulagsbreytinga á meginorkuöflunarkerfi landsins. Sá undirbúningur tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma, en með fyrirhuguðum breytingum gæti náðst nokkur jöfnun á heildsöluverði raforku.

Ekki verður hins vegar hjá því komist að hamla nú þegar gegn þeim gífurlega mun sem er á raforkuverði í landinu, en hann hitnar fyrst og fremst á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, eins og glöggst kemur fram í meðfylgjandi töflu (fylgiskjal). Þannig munar nú 88% á raforkuverði skv. almennum heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa um árabil átt í vaxandi fjárhagsörðugleikum, sem að hluta hefur verið mætt með jöfnunargjaldi, en að öðru leyti hefur fyrirtækinu verið fleytt áfram með óhagstæðum lánnum. Hefur lánabyrði Rafmagnsveitna ríkisins þannig vaxið ár frá ári og viðskiptaaðilar verið látnir axla hana með gjaldskrárhækkunum umfram eðlilegar kostnaðarhækkunarir og þannig skapast sá mikli ójöfnuður í raforkuverði, sem nú ríkir.

Samkvæmt áætlunum Rafmagnsveitna ríkisins er fyrirsjáanlegur rekstrarhalli á næsta ári sem nemur 800 m.kr. Við þetta bætist stofnkostnaður af óarðbærum eða félagslegum framkvæmdum, sem áætlaður er um 700 m.kr. á árinu 1979.

Við þessum vanda er áformað að bregðast með tvennum hætti. Annars vegar með beinu framlagi ríkisins til Rafmagnsveitna ríkisins, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun og með hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem lögð er til í þessu frumvarpi. Er áætlað að sú 6% hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem hér er gert ráð fyrir, gefi um 700 m.kr. í tekjur til viðbótar þeirri upphæð, sem ella fengist.

Með þessu móti er stefnt að því að draga úr fyrirsjáanlegum gjaldskrárhækkunum vegna aukins tilkostnaðar á árinu 1979.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að tekjum af verðjöfnunargjaldinu verði skipt milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í sama hlutfalli og áður, þ. e. 80% renni til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða, en Orkubúið hefur við hliðstæða örðugleika að etja.

Með lögum nr. 85/1975 var gildistími l. nr. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976; með l. nr. 114/1976 til 31. desember 1977; með l. nr. 71/1977 til 31. desember 1978 og með þessu frumvarpi til 31. desember 1979.

### Fylgiskjal.

#### Dæmi um raforkuverð 1. október 1978.

	Heimilisnotkun 3000 kWh, 3 herb. íbúð kr/kWh	Stórar vélar 2500 st. nýt. tími kr/kWh
1. Rafmagnsveita Reykjavíkur .....	19.82	12.54
2. Rafveita Hafnarfjarðar .....	19.90	14.29
3. Rafveita Vatnsleysu .....	19.73	14.75
4. Rafveita Njarðvíkur .....	19.73	14.75
5. Rafveita Keflavíkur .....	19.73	15.01
6. Rafveita Gerðahrepps .....	19.73	15.01
7. Rafveita Miðneshrepps .....	19.73	15.22
8. Rafveita Grindavíkur .....	19.73	15.22
9. Rafveita Eyrarbakka .....	19.45	13.68
10. Rafveita Stokkseyrar .....	19.45	13.68
11. Rafveita Selfoss .....	19.45	13.68
12. Rafveita Hveragerðis .....	19.45	13.68
13. Rafveita Vestmannaeyja .....	19.49	14.51
14. Rafveita Akraness .....	17.05	12.02
15. Rafveita Borgarness .....	20.99	26.83
16. Orkubú Vestfjarða .....	34.20	26.83
17. Rafveita Reykjarfjarðar- og Ögurhrepps <sup>1)</sup> .....	.....	.....
18. Rafveita Snæfjalla- og Nauteyrarhrepps <sup>2)</sup> .....	.....	.....
19. Rafveita Sauðárkróks .....	20.70	18.27
20. Rafveita Siglufjarðar .....	19.80	14.63
21. Rafveita Akureyrar .....	19.75	12.43
22. Rafveita Húsavíkur .....	21.22	14.75
23. Rafveita Reyðarfjarðar .....	21.99	15.42
24. Rafmagnsveitur ríkisins .....	37.25	22.80